

Til borgarráðs

Efni:

Athugasemdir Reykjavíkurborgar við tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2015-2018, þingskjal 1065-638. mál

Athugasemdir snúa fyrst og fremst að lið 1.2 Stofn og tengivegir. Reykjavíkurborg er þar hluti af Suðursvæði II.

Heildarframlög til stofn- og tengivega og jarðganga á fjögurra ára tímabili 2015 til 2018 eru um 44,3 milljarðar kr. Þar af fara til Reykjavíkurborgar innan við 1.600 mkr. sem er ekki í neinu samræmi við íbúafjölda og samgöngur í borginni.

Viðhald gatnakerfis – sameiginlegt átak

Á vettvangi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) hefur verið rætt að Vegagerðin og sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu fari í sameiginlegt átak vegna slæms ástands og mikils slits á gatnakerfi á höfuðborgarsvæðinu. Átakið fælist í sameiginlegri greiningu á ástandi, tillögum að framkvæmdaáætlun til næstu ára, samantekt rannsókna og annarra gagna um ástæður núverandi stöðu, malbikun og annað sem verkefninu við kæmi og tillögugerð og umfjöllun um fjármögnun þess sem gera þyrfti. Sameiginleg verkefnisstjórn myndi stýra áttakinu. Reykjavíkurborg leggur áherslu á að Alþingi tryggi Vegagerðinni fjármuni í átaksverkefnið sem um ræðir og kallar eftir eðlilegri hlutdeild í tekjum ríkisins af umferð á höfuðborgarsvæðinu til að geta staðið undir þeim ört vaxandi kostnaði sem af henni leiðir. Fyrir liggur, skv. nýju mati verkfræðistofunnar Verkís, að árlegar tekjur ríkissjóðs af umferð innan höfuðborgarsvæðisins nema um 20 milljörðum króna.

Eins er mikilvægt að viðhald á þjóðvegum í Reykjavík sé fullnægjandi. Um borgina fara fjölförnustu þjóðvegir landsins.

Almenningssamgöngur og hjólreiðar

Reykjavíkurborg hefur sett sér metnaðarfulla stefnu um aukna hlutdeild almenningssamgangna, göngu og hjólreiða í ferðum innan borgarinnar. Sú stefna sem staðfest

var með samþykkt Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 er í samræmi við stefnu ríkisins sem birtist í samgönguáætlun 2011-2022. Almenningsamgöngustefna Reykjavíkurborgar ásamt áætlun um uppbyggingu forgangsakreina fyrir strætisvagna og Hjólreiðaáætlun 2015-2020 eru geiraáætlanir sem hafa nýlega verið unnar á vettvangi borgarinnar og unnið verður eftir næstu árin.

Reykjavíkurborg fagnar því samræmi sem er í stefnu borgarinnar og áherslum ríkisins í tillögu að samgönguáætlun 2015-2018 en þar segir að almenningsamgöngur, ganga og hjólreiðar verði raunhæfir valkostir og skipulag og forgangsöröðun samgangna í þéttbýli taki mið af umhverfis- og lýðheilsuþættingum. Þá fagnar borgin því að hækka eigi framlag ríkisins í hjóla- og göngustíga frá og með árinu 2017. Ekki veitir af því stöðugt fleiri sækja í fjármunina.

Tækifæri er til að auka fjárframlög í 10 ára tilraunaverkefni til eflingar almenningsamgangna á Höfuðborgarsvæðinu, sem hefur komið sér vel.

Ein af lykilforsendum fyrir árangursríkum framgangi meginmarkmiða nýs svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins um öflugar almenningsamgöngur samhliða þéttingu byggðar felst í mótun og innleiðingu nýs hraðvirks og afkastamikils almenningsamgöngukerfis. Hryggjarstykkið í því verkefni verður “Borgarlínan”, hágæðakerfi almenningsamgangna sem myndar meginstofnleiðir, kerfi með hátt þjónustustig þar sem vagnar aka í sérrými og komast greitt á milli staða óháð töfum í bílaumferð. Borgarlínan á að tengja saman kjarna sveitarfélaganna og meginþunga uppbyggingar til ársins 2040 verður beint á svæði meðfram línunni.

Reykjavíkurborg kallar eftir því við umhverfis- og samgöngunefnd alþingis að horft verði til aðkomu ríkissjóðs að þessu lykilverkefni í samgöngum á höfuðborgarsvæðinu og því ætlað rými og fjármunir í þeirri 4 ára samgönguáætlun sem nú er í vinnslu. Í forsendum nýs svæðisskipulags kemur fram að gert er ráð fyrir að íbúum á höfuðborgarsvæðinu fjölgi um 70 þús. á næstu 25 árum. Það jafngildir samanlögðum íbúafjölda Hafnarfjarðar, Kópavogs og Garðabæjar í dag og uppbygging samgangna á svæðinu verður því umfangsmikið verkefni.

Umhverfisþættir

Einnig er markmið Reykjavíkurborgar að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum samgangna svo sem hávaða og loftmengunar. Lögð hefur verið fram aðgerðaráætlun Vegagerðarinnar og Reykjavíkurborgar 2013-2018 gegn hávaða. Fjármuni til að framfylgja áætluninni vantar í samgönguáætlun.

Reykjavíkurborg hefur haft forystu um orkuskipti í samgöngum og innleiðingu á nýtingu innlendrar orku bæði metan og raforku. Samvinna orkufyrirtækja, sveitarfélaga og ríkisins er mikilvæg. Í samgönguáætlun væri eðlilegt að ávarpa það verkefni með skýrari hætti.

Ólafur Bjarnason
samgöngustjóri

Þorsteinn Hermannsson
viðtakandi samgöngustjóri